



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 8. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

### 14. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2022, þann 20. október kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir sem mætti í forföllum Alexöndru Rósar Jóhannesdóttur. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp tillögu um að við bættist liður 15 Lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga. Aðrir töluliðir breytist til samræmis við þetta. Tillagan samþykkt samhljóða.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

#### **1. Afréttarmálanefnd: Fundargerð 3. fundar frá 12. október sl.** Lögð fram fundargerð 3. fundar Afréttarmálanefndar.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um að fjallskilagjald hækki um 10% eða í kr. 100,- pr. vetrarfóðraða kind eða sem nemur nokkurn veginn hækkun neysluverðsvísitölu síðastliðins árs.

Í ljósi tillögu L-listans sem lögð er fram hér á eftir er það vilji meirihluta sveitarstjórnar að taka undir einróma álit nefndarinnar að innheimta fjallskilagjalds verði með sama hætti á næsta ári og áður hefur verið.

Fulltrúar minnihlutans ítreka skoðun sína varðandi innheimtu fjallskilagjalds sem kemur fram í tillögu okkar undir lið 13 á fundinum og telja rétt að þessi gjaldstofn verði tekinn til skoðunar.

Varðandi umræðu um fjallaskála þá tekur sveitarstjórn undir sjónarmið nefndarinnar og samþykkir að lóðir fyrir 5 skála (Helgaskála, Leppistungur, Svínárnes og tvær lóðir sem ekki hefur verið byggt á nú þegar í Kisubotnum og við Grákoll) verði auglýstar lausar til úthlutunar í samræmi við lög þar um og að í auglýsingu verði gert ráð fyrir nýtingu fjallmanna á því húsnæði sem rísa mun á umræddum lóðum. Sveitarstjóra falið að útbúa auglýsingu sem fyrst. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

#### **2. Skólanefnd: Fundargerð 2. fundar frá 10. október sl.**

Lögð fram fundargerð 2. fundar Skólanefndar sem var sameiginlegur fundur leikskólans Undralands og Flúðaskóla.

Varðandi lið 4 umræðu um endurskoðun skólastefnu þá tekur sveitarstjórn vel í hugmyndir um slíka endurskoðun og jafnframt þá úttekt á skólastarfi í sveitarfélaginu sem þarna er stungið upp á. Til að ýta því verkefni úr vör samþykkir sveitarstjórn að formaður skólanefndar og sveitarstjóri leggi fram tillögu að verkefnastjóra að höfðu samráði við skólastjórnendur. Kostnaði sem af vinnunni hlýst verði vísað til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

### 3. Veitustjórn: Fundargerð 3. fundar frá 5. október sl.

Lögð fram fundargerð 3. fundar Veitustjórnar.  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

#### 4. Fundargerð 247. fundar skipulagsnefndar frá 12. október sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. október sl.

Lögð fram fundargerð 247. fundar skipulagsnefndar frá 12. október sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. október sl.

#### **Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:**

##### **Mál nr. 15. Ásatúnsvallarland: Deiliskipulag.**

Lögð er fram tillaga er varðar deiliskipulag sem tekur til Ásatúnsvallarlands L218490 eftir kynningu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan landsins sem er skilgreint sem landbúnaðarland innan aðalskipulags Hrunamannahrepps. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss allt að 300 fm, hesthúss eða skemmu allt að 250 fm auk allt að 6 ferðapjónustuhúsa innan hámarks byggingarmagns að 300 fm. Athugasemdir bárust við kynningu málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðri skipulagstillögu og andsvörum umsækjanda.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Að mati nefndarinnar hefur verið brugðist við athugasemdum með fullnægjandi hætti innan deiliskipulagstillögunnar þar sem tilefni er til. Mælist nefndin til þess að þeim sem athugasemdir gerðu við kynningu deiliskipulagsins verði sérstaklega tilkynnt um auglýsingu málsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Að mati sveitarstjórnar hefur verið brugðist við athugasemdum með fullnægjandi hætti innan deiliskipulagstillögunnar þar sem tilefni er til. Þeim sem athugasemdir gerðu við kynningu deiliskipulagsins verður sérstaklega tilkynnt um auglýsingu málsins. Sveitarstjórn ítrekar að á uppdraetti verði að gera góða grein fyrir staðsetningu rótþróa og að aðkoma að þeim verði tryggð.

##### **Mál nr. 16. Hlíð spilda: Frístundasvæði; Endurskoðað deiliskipulag.**

Lögð er fram að nýju tillaga deiliskipulags vegna Hlíðar spildu 1 L221538 eftir auglýsingu. Deiliskipulagið tekur til skiptingu landsins, skilgreiningu byggingarreita og byggingarheimilda innan svæðisins. Við gildistöku skipulagsins fellur núverandi deiliskipulag svæðisins úr gildi. Tillagan byggir á deiliskipulagi fyrir svæðið sem samþykkt var árið 2000 en tók ekki í gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Athugasemdir og umsagnir bárust við auglýsingu málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt uppfærðri tillögu.

Framlagðar athugasemdir vegna tillögu deiliskipulags vegna lands Hlíðar spilu 1 L221538 eru lagðar fram við afgreiðslu málsins. Þær snúa flestar að eftirfarandi atriðum:

– Legu vega innan svæðisins og flóttaleiðir.

Að mati nefndarinnar er ekki forsenda fyrir því að breyta eða gera tillögu að breytingum vegna legu vega innan svæðisins innan framlagðrar tillögu. Viðkomandi tillaga tekur mið af núverandi legu vega og skipulagstillögu frá 2000 sem hafði hlotið samþykki sveitarfélagsins en tók ekki gildi með birtingu í B-deild. Á þeim grunni er viðkomandi deiliskipulagstillaga unnin á kostnað sveitarfélagsins. Ekki er samstaða meðal landeigenda innan svæðisins um breytta legu vega innan þess. Að mati nefndarinnar væri eðlilegt að landeigendur óski eftir breytingu á deiliskipulagi þar sem ný lega vega verður skilgreind sé orðin

samstaða um legu hans meðal landeigenda eða að öðrum kosti taka yfir vinnslu viðkomandi skipulagstillögu og leggi fram nýja tillögu á sinn kostnað.

– Stærðir lóða á reit 3.

Stærðir lóða á reit 3 miðast við núverandi stefnumörkun aðalskipulags er varðar stærðir lóða á frístundasvæðum. Að mati nefndarinnar er æskilegt að stærðir lóða innan svæðisins séu í innbyrðis samhengi og mælist til þess að viðkomandi lóðir verði minnkaðar í takt við aðrar lóðir innan svæðisins. Á deiliskipulagi frá 2000 var ekki gert ráð fyrir lóðum innan reits 3.

– Lóðir séu skipulagðar í innan við 50 metra fjarlægð frá Fossá.

Takmarkanir skipulagsreglugerðar gr. 5.3.2.14 er varðar takmarkanir vegna fjarlægða byggingar frá ám og vötnum taka til bygginga, ekki lóðarmarka. Byggingarreitir viðkomandi lóða eru ekki innan við þær takmarkanir er varðar fjarlægð frá Fossá.

– Hnitsetning erfðareita.

Nefndin mælist til þess að hnitsetning erfðareita verði felld út úr skipulaginu. Að mati nefndarinnar væri þó eðlilegt að staðfest hnitsetning og lega erfðareita lægi fyrir við gildistöku deiliskipulags fyrir svæðið.

Auk athugasemda eru lagðar fram umsagnir vegna málsins. Þar á meðal er umsögn Minjastofnunar Íslands þar sem farið er fram á að landið verði minjaskráð í heild sinni. Að mati nefndarinnar er þörf á að ráðast í skráningu minja innan landsins áður en tillagan tekur gildi. Mælist því skipulagsnefnd til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að afgreiðslu málsins eftir auglýsingu verði frestað. Landeigendum verði falið að hafa forgöngu um skráningu minja innan skipulagssvæðisins. Sé vilji til að breyta tillögu deiliskipulagsins verulega frá fyrrgreindri tillögu frá árinu 2000 sem miðað var við í vinnslu viðkomandi tillögu telur nefndin ástæðu til að landeigendur landsins taki yfir vinnslu verkefnisins á grundvelli 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga þar sem ekki er sátt um ýmsa þætti innan þess í takt við framlagðar athugasemdir sem bárust frá hluta landeigenda innan svæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir að afgreiðslu málsins eftir auglýsingu verði frestað. Sveitarstjórn samþykkir einnig að landeigendum verði falið að hafa forgöngu um skráningu minja innan skipulagssvæðisins. Sé vilji til að breyta tillögu deiliskipulagsins verulega frá fyrrgreindri tillögu frá árinu 2000 sem miðað var við í vinnslu viðkomandi tillögu telur sveitarstjórn ástæðu til að landeigendur landsins taki yfir vinnslu verkefnisins og beri þar með kostnað vegna þessa á grundvelli 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga þar sem ekki er sátt um ýmsa þætti innan þess í takt við framlagðar athugasemdir sem bárust frá hluta landeigenda innan svæðisins.

#### **Mál nr. 17. Hrepphólar: Hjallás; Stofnun lóðar.**

Lögð er fram umsókn um stofnun lóðar. Óskað er eftir að stofna 4.624,3 fm lóð, Hjallás, úr landi Hrepphóla L166767. Aðkoma verður frá Skeiða- og Hrunamannavegi (30-04) inn á Hrepphólaveg og Hrepphólakirkjuveg, þaðan um malarlóða í gegnum land Hrepphóla að lóðinni, skv. mæliblaði.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

##### **5. Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis frá 13. október 2022.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um almannatryggingar (skerðing á lífeyri vegna búsetu), 44. mál.

Lagt fram til kynningar.

6. **Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 5. október 2022.**

Lagt fram bréf frá Innviðaráðuneytinu vegna alþjóðlegs minningardags Sameinuðu þjóðanna um fórnalömb umferðarslysa. Dagurinn er haldinn þriðja sunnudag í nóvember ár hvert og er nú haldinn þann 20. nóvember.

Lagt fram til kynningar.

7. **Bréf frá Umhverfisstofnun frá 13. október 2022.**

Lagt fram bréf frá Umhverfisstofnun vegna ársfundar náttúruverndarnefnda sem haldinn verður þann 10 nóvember n.k.

Sveitarstjórn samþykkir að Umhverfisnefnd verði kynnt erindið og ef að einhver nefndarmanna hafi tök á því að sitja umræddan fund verði kostnaður vegna þess greiddur af Hrunamannahreppi.

8. **Bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 11. október 2022.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Fjallið Hafþór ehf. um leyfi til reksturs Gististaðar í Flokki II-H Frístundahús að Laufskálabyggð 12.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að rekstrarleyfið verði veitt og óskar eftir afriti af leyfinu.

9. **Bréf frá Vegagerðinni frá 14. október 2022.**

Lagt fram bréf frá Vegagerðinni vegna lækkunar á hámarkshraða á vegi 30 (04 og 05) og vegi 344 sem liggja utan við Flúðir. Á vegi 30 (04 og 05) verða þéttbýlismarki færð fjær byggð og nýtt 70 km/klst. merki bætt við. Vegur 344 lendar þá innan þéttbýlismarkis og verður þar af leiðandi með 50 kl/klst. ca. 800 metra og svo 70 km/klst. eftir það.

Sveitarstjórn vísar bréfinu til Umhverfisnefndar til kynningar.

10. **Bréf frá Heilsugæslunni í Laugarási og Velferðarþjónustu Árnesþings frá 27. september 2022.**

Lagt fram bréf frá Heilsugæslunni í Laugarási og Velferðarþjónustu Árnesþings vegna hugmynda um dagþjónustu fyrir eldri borgara á vegum sveitarfélaganna.

Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi bókun samhljóða:

Lögð er fram greining Heilsugæslunnar í Laugarási og velferðarþjónustunnar á þörf fyrir dagþjónustu fyrir eldri borgara á svæði þeirra.

Tildrög þessa eru þau að sveitarfélögin Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur sóttu um til heilbrigðisráðuneytisins að komið yrði á fót hjúkrunarheimili í Uppsveitum Árnessýslu. Á fundi sem fulltrúar sveitarfélaganna áttu með starfsmönnum ráðuneytisins í vor kom fram að um langtímaverkefni væri að ræða sem tæki tíma að koma á fjármála- og framkvæmdaáætlun hjá ríkinu. Umsókninni var vel tekið og því sýndur skilningur að þörf væri fyrir úrræði á þessu svæði. Starfsmenn ráðuneytisins ræddu m.a. um það hvort þörf væri á dagþjónustu fyrir eldri borgara á svæðinu. Á fundi sem fulltrúar sveitarfélaganna í Uppsveitum og Flóa áttu með fulltrúum HSU og félagsþjónustunnar í Laugarási í vor kom fram það mat starfsmanna sem koma að heimahjúkrun og heimaþjónustu að þörf væri fyrir slíkt úrræði.

Í framhaldi af því samþykktu öll sveitarfélögin sem eiga aðild að félagsþjónustunni í Laugarási að kanna nánar þörf fyrir dagþjónustu (dagdvöl) á svæðinu.

Niðurstaða greiningarinnar liggur fyrir. Til að vinna áfram að málinu er lagt til að hvert sveitarfélaganna tilnefni einn fulltrúa í starfshóp sem undirbúi umsókn til heilbrigðisráðuneytisins um dagþjónusturými fyrir svæðið, vinni áætlun um reksturinn og greini hvaða staðsetning og húsnæði myndi henta.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps tilnefnir Aldísi Hafsteindóttur til setu í starfshópnum og felur jafnframt Samráðshópi um öldrunarmál í Hrunamannahreppi að fjalla um málið.

**11. Bréf frá Kvennaathvarfinu frá 6. október 2022.**

Lögð fram beiðni frá Kvennaathvarfinu um rekstrarstyrk fyrir árið 2022.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Kvennaathvarfið með sambærilegum hætti og undanfarin ár, eða um kr. 50.000,-.

**12. Beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti.**

Lögð fram beiðni frá Remax þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Grund, skv. lóðarleigusamningi vegna eignarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Grund, Flúðum, fastanúmer 220-4003 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.

**13. Tillaga frá L-listanum frá 16. október sl.**

Lögð fram tillaga frá L-listanum um að gerð verði breyting á álagningu fjallskilakostnaðar. Breytingin felst í því að ekki verði lengur lagt á eigendur lögbýlis í sveitarfélaginu að greiða fjallskilakostnað eins og verið hefur, heldur verði það sveitarsjóður sem leggur til fjármagn til að greiða þann kostnað. Áfram verði þó lagt gjald á hverja vetrarfóðraða kind sem nýtir afréttinn eða annað sameiginlegt land til upprekstrar.

Tillagan borin upp og felld með þremur atkvæðum meirihlutans sem lögðu fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar meirihluta sveitarstjórnar telja ekki rétt að gera umrædda breytingu enda er greiðsla af landverði lögð á þá sem eiga upprekstrarrétt á afréttinn og því þarf að viðhalda girðingum og þess háttar ef eigendur lands kjósa að nýta upprekstrarrétt sinn núna eða einhvern tíma síðar. Fulltrúar meirihlutans vekja athygli á því að kostnaður vegna vinnu leitarmanna í fjallferðum er greiddur af þeim sem kjósa að nýta afréttinn á hverjum tíma og því er hið innheimta gjald af landverði ekki notað til að greiða fjallmönnum fyrir vinnu sína.

Fulltrúar minnihlutans lögðu fram eftirfarandi bókun:

Í ljósi bókunar meirihlutans viljum við harma afstöðuna í þessu máli enda löngu kominn tími til að endurskoða þessi gjöld svo sanngirni sé gætt að okkar mati.

**14. Viðauki við fjárhagsáætlun 2022.**

Lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun 2022 sem gerður er vegna breytinga á reglugerð nr. 1212/2015.

Með breytingu á 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 var kveðið á um að byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaforn sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, skuli færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, þ.e. sveitarfélag skal færa hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags, óháð stærð eignarhluta.

Í meðfylgjandi viðauka er búið að færa inn hlutdeild eftirfarandi stofnana í áætlun Hrunamannahrepps fyrir árið 2022 :

Bergisinn bs. (3,20%)

Brunavarnir Árnessýslu (5,34%)

Héraðsnefnd Árneseinga bs. (4,14%)

Byggðasafn Árneseinga (4,14%)

Listasafn Árneseinga (4,14%)

Héraðsskjalasafn Árneseinga (4,14%)

Tónlistarskóli Árneseinga (4,14%)

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs. (2,73%)

Umhverfis- og Tækni- og Tæknisvið uppsveita bs. (9,30%)

Skóla- og velferðarþjónusta Árneseinga bs. (8,85%)

Í fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps fyrir árið 2022 er hlutdeild í ofangreindum stofnunum færð í A hluta.

Áætlun helstu áhrif :

Rekstrarniðurstaða batnar um 1,0 m.kr.

Aðrar tekjur hækka um 70,0 m.kr.

Rekstrargjöld hækka um 64,4 m.kr.

Afskriftir hækka um 2,8 m.kr.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur hækka um 1,8 m.kr.

Fjárfesting eykst um 3,4 m.kr.

Ekki er hægt að meta áhrif á eignir og skuldir þar sem að í flestum áætlunum samstarfsverkefnanna vantar áætlaðan efnahag 2022.

Með viðaukanum er lögð fram greinagerð með fyrirvara á viðaukanum, þar sem að fjárhagsáætlunir byggðasamlaganna eru ekki á sama formi og áætlun sveitarfélagsins, þ.e. að það vantar áætlaðan efnahag og sjóðstreymi hjá flestum stofnunum. Í greinagerðinni er einnig settur fyrirvari um mögulega breytingu á hlutfalli og e.t.v. eiga fleiri samstarfsverkefni að vera í samantektinni.

Meðfylgjandi er yfirlit sem sýnir samantekni áhrif breytinga vegna viðaukans á rekstur, sjóðstreymi og fjárfestingaryfirlit.

Jafnframt fylgir með sundurliðuð áhrif allra viðauka þar sem m.a. má sjá hvernig fjárhagur einstakra byggðasamlaga hefur áhrif á rekstur sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir þennan viðauka vegna byggðasamlaganna sbr. reglugerð nr. 230/2021. En telur jafnframt rétt að benda forstöðumönnum umræddra stofnana á þessa breytingu á reglugerð og jafnframt fara fram á að næsta árs áætlun verði lögð fram með rekstrarreikningi, efnahag og sjóðstreymi þannig að betra sé að fella áætlun allra stofnana inn í reikningsskil og áætlunir sveitarfélagsins.

#### **15. Lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga lagður fram.**

Lagður fram lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga upp á 48. m.kr. lán.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 48.000.000,- með lokagjalddaga þann 20. mars 2039, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sveitarstjórn hefur kynnt sér.

Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum sveitarfélagsins sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Aldís Hafsteinsdóttur, kt. 211264-5009, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

#### **16. Opnun tilboða í verkið „útboð – Byggð á Bríkum“**

Lögð fram fundargerð frá opnun tilboða í verkið „útboð – Byggð á Bríkum“ sem fram fór 18. október. Verkið felur í sér gatnagerð og lagnavinnu í fyrsta áfanga nýs hverfis, Byggð á Bríkum.

Alls bærust tvö tilboð í verkið:  
Fögrusteinar ehf, kt. 510401-2550 kr. 184.995.600,-  
Gröfutækni ehf, kt. 460494-2069 kr. 172.852.200,-  
  
Kostnaðaráætlun Eflu ehf: kr. 184.619.350,-

Sveitarstjórn samþykkir að tilboði lægstbjóðanda, Gröfutækni ehf, verði tekið enda uppfyllir tilboð fyrirtækisins skilyrði útboðsgagna og felur sveitarstjóra að ganga frá og undirrita samning um verkið.

#### 17. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn fimmtudaginn 3. nóvember n.k. kl. 14:00.

#### **Skipanir í nefndir og ráð:**

#### 18. **Skipun fulltrúa í Umhverfisnefnd og Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd.**

Oddviti kynnti skipun fulltrúa í Umhverfisnefnd og Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd.

Í Umhverfisnefnd verða eftirfarandi breytingar:

Brynja Sólveig Pálsdóttir verði aðalmaður

Varamaður: Daði Geir Samúelsson

Brynja verði jafnframt formaður nefndarinnar.

Í Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd verða eftirfarandi breytingar

Ragnheiður Björg Magnúsdóttir verði aðalmaður

Varamaður: Brynja Sólveig Pálsdóttir

#### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

##### **a. Framkvæmdaráð Almannafráttar Árnessýslu: Fundargerð 1. fundar frá 7. október sl.**

Lagt fram til kynningar.

##### **b. SASS: Fundargerð 587. fundar stjórnar frá 7. október sl.**

Lagt fram til kynningar.

#### **Mál til kynningar:**

##### **c. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 913. fundar stjórnar frá 28. september sl.**

Lagt fram til kynningar.

##### **d. Stjórn samtaka orkusveitarfélaga: Fundargerð 51. fundar frá 19. september sl.**

Lagt fram til kynningar en sveitarstjóri mun sækja aðalfund samtakanna fyrir hönd Hrunamannahrepps.

##### **e. Fundur stjórnenda Hrunamannahrepps: Fundargerð frá 11. október sl.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.16:06